

## Stjórn Úrvinnslusjóðs

**365. stjórnarfundur, þriðjudaginn 21. janúar 2025 - kl. 09.00- 11:05**

**Suðurlandsbraut 24, 2. hæð**

### Dagskrá samkvæmt fundarboði:

#### A. Til kynningar (30 mín)

1. Staða sjóða
2. Niðurstöður könnunar Maskínu um notkun og úrvinnslu félagsmanna Bændasamtakanna á heyrúlluplasti
3. Umsögn Úrvinnslusjóðs um stöðumat og valkosti í úrgangsförvörnum - Saman gegn sóun
4. EXPRA: SUPD Litter Costs - Implementation in Member States

(Kaffihlé 10 mín.)

#### B. Til samþykktar (45 mín)

5. Breyting á endurgjaldi spilliefna
6. Tillögur um hagræðingu, einföldun stjórnsýslu og sameiningar stofnana - Bréf til forstöðumanna

#### C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála (10 mín)

#### Fundinn sátu:

##### Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),  
Líf Magneudóttir (LM),  
Jónína Birgisdóttir (JB) fyrir Kristinn Má Reynisson  
Jón Viggó Gunnarsson (JVG),  
Birta Sif Arnardóttir (BSA),  
Hildur Hauksdóttir (HH),  
Guðný Hjaltadóttir (GH)

##### Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),  
Daníel Gunnarsson (DG)  
Guðlaugur G. Sverrisson (GGS),  
Íris Gunnarsdóttir (ÍG)  
Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

### Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Tillaga um breytingu á endurgjaldi spilliefna var samþykkt
2. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að gera drög að svari við bréfi forsætis- og fjármálaráðherra til forstöðumanna ríkisstofnana vegna hagræðingartillagna.

### Fundargerð

#### A. Til kynningar (80 mín)

##### 1. Staða sjóða

DG kom inn á fundinn og fór yfir stöðu sjóða í nóvember og áætlun desembermánaðar, sbr. fundargögn. Upplýsingar fyrir desembermánuð eiga eftir að berast og gagna er beðið vegna ársins 2024 frá þjónustuaðilum sem eru að loka árinu hjá sér. Spurningar og umræður. DG vék af fundi.

##### 2. Niðurstöður könnunar Maskínu um notkun og úrvinnslu félagsmanna Bændasamtakanna á heyrúlluplasti

GSG kom inn á fundinn og fór yfir tilgang könnunarinnar og helstu niðurstöður. Staðan er nokkuð svipuð og í síðustu könnun sem var gerð árið 2016. Umræður. GSG vék af fundi.

##### 3. Umsögn Úrvinnslusjóðs um stöðumat og valkosti í úrgangsförvörnum - Saman gegn sóun

SBJ lagði umsögnina fram til kynningar. Umræður og spurningar, m.a. um þrepaskiptingu úrvinnslugjalds. JVG kallaði eftir greiningu á stöðunni í Evrópu. Upplýsingar eru tiltækar um suma vörflokka. SBJ upplýsti að Úrvinnslusjóður er í virku samtali við Skattinn um útfærslu þrepaskiptingar en möguleikarnir eru nokkuð takmarkaðir og flækjustigið hátt. Fram kom að þrepaskiptingin er einnig til umræðu í starfshópi ráðherra.

##### 4. EXPRA: SUPD Litter Costs – Implementation in Member States

SBJ lagði fram til kynningar skýrslu um kostnað við ákvæði tilskipunar ESB um einnota plastvörur í einstaka löndum og stöðu innleiðingar. Spurningar og umræður, m.a. um aðgengi Úrvinnslusjóðs að upplýsingum um innflutning og magn slíkra vara.

(Kaffihlé 10 mín.)

#### B. Til samþykktar (35 mín)

##### 5. Breyting á endurgjaldi spilliefna

ÍG kom inn á fundinn og fór yfir tillöguna. Umræður og spurningar. ÍG vék að því búnu af fundi.

Tillaga að hækkun endurgjalds var samþykkt einróma. Úrvinnslusjóði var falið að leita skýringa á hækkunum á gjaldskrá ráðstöfunaraðila sem eru umfram vísitöluhækkarnir í fyrirliggjandi tillögu. Jafnframt var lagt til að það verði hluti af verklagi við gerð tillagna sem þessarar að skýringa sé leitað þegar hækkarnir hjá ráðstöfunaraðila eru umfram vísitölu.

##### 6. Tillögur um hagræðingu, einföldun stjórnsýslu og sameiningar stofnana – Bréf til forstöðumanna

SBJ fór yfir innkomið bréf forsætisráðherra og fjármálaráðherra þar sem óskað er eftir tillögum að aðgerðum til hagræðingar, einföldunar stjórnsýslu og sameiningu stofnana. Umræður. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að gera drög að svarbréfi sem síðan verði sent stjórn til samþykktar.

**C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála (10 mín)**

Fundi slitið kl. 11:05.

Næsti fundur verður í febrúar, nánari tímasetning ákveðinn síðar.